

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1825*  
*komudagur 1.3.2013*

Alþingi  
Nefndarsvið  
Kirkjutorgi  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 1. mars 2013  
nr. erindis 1302037 GS

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál.**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar mótmælir harðlega þeim niðurskurði sem gert er ráð fyrir að bætur og byggðakvóti, samkvæmt 21. gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða (þingskjal 968 – 570. mál.), verði fyrir samkvæmt ákvæði VIII til bráðabirgða. Rækju- og skelbætur skerðast um helming á tveimur árum og byggðakvóti um helming á einu ári. Ljóst er að slíkur niðurskurður hefur alvarleg áhrif í Stykkishólmi án mótvægisadgerða.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur til að skelkvóti verði færanlegur yfir í þorskkvóta með skilyrðum um löndun og vinnslu í heimabyggð. Þegar skel veiðist að nýju verði heimilt að breyta þorskkvóta til baka í skelkvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

---

Gyða Steinsdóttir,  
bæjarstjóri.

Samrit: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið